

Vinnustofur um heilsueflandi samfélag á Höfuðborgarsvæðinu

Til : Kári Jónsson
Frá : Ingibjörg Guðmundsdóttir <ingibjorg@landlaeknir.is>
Heiti : Vinnustofur um heilsueflandi samfélag á Höfuðborgarsvæðinu
Málsnúmer : 1703076
Málsaðili : Íþróttafulltrúi Garðabæjar
Skráð dags : 07.03.2017 10:42:29
Höfundur : Ingibjörg Guðmundsdóttir <ingibjorg@landlaeknir.is>

Sæll Kári

Takk fyrir samtalið áðan, hér eru helstu upplýsingar og ég verð svo í sambandi við þig á morgun eða í síðasta lagi á fimmtudag.

Við hjá Embætti landlæknis erum þennan vetur að heimsækja landshluta og bjóða upp á vinnustofur um heilsueflandi samfélag. Þann 17. mars n.k. ætlum við að bjóða upp á sameiginlega vinnustofu fyrir sveitarfélögin Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Við viljum því bjóða Garðabæ að taka þátt og taka næstu skref í að vinna markvisst heilsuefningarstarf í samfélaginu. Vinnustofan verður haldin í safnaðarheimilinu Borgum í Kópavogi.

Við myndum gjarnan vilja hafa einn tengilið í hverju sveitarfélagi sem myndi hvetja til þátttöku í sínu sveitarfélagi og hafa yfirsýn yfir hverjir koma á vinnustofuna úr sveitarfélaginu þannig að þetta nýtist sem best fyrir sveitarfélagið. Einnig óskum við eftir að tengiliður haldi utan um það efni sem myndi koma fram í vinnustofunni fyrir sveitarfélagið. Á vinnustofuna erum við að óska eftir fulltrúum úr öllum skólum sem eru í sveitarfélaginu (leik-, grunn- og framhaldsskólum) og helst skólastjórum og fulltrúum frá mismunandi sviðum sveitarfélagsins (mennta-, frístunda-, skipulags-, stjórnsýslu-, félagsmála- eða velferðarsviði o.s.frv.). Pólitíska fulltrúa og einnig er gott fyrir sveitarfélagið að athuga hvort þeir vilji hafa áhugasama fulltrúa frá íþróttafélögunum, eldri borgurum eða öðrum sem þið haldið að gætu skipt máli fyrir heilsuefningarstarf í samfélaginu. Embættið mun einnig leggja áherslu á þátttöku fulltrúa frá heilsugæslu í öllum sveitarfélögunum.

Embætti landlæknis mun senda póst á skóla, sveitarfélög og heilsugæslu til að hvetja til þátttöku þegar skráning getur hafist. Hlekkur á skráningu mun verða aðgengilegur fljótlega.

Drög – Dagskrá vinnustofur á höfuðborgarsvæðinu 17. mars 2017 kl. 9-16?

Erindi

- Ávarp frá samfélaginu sem er gestgjafi
- Heilsueflandi samfélag, lýðheilsuvísar og lýðheilsumat – Embætti landlæknis
- Heilsa og líðan ungmenna – Rannsókn og greining?

- Hlutverk heilsugæslu í Heilsueflandi samfélagi – Heilbrigðisstofnun landshlutans?
- Kynning frá samfélögum sem eru komin af stað í vinnu með Heilsueflandi samfélag

Léttur hádegismatur

Vinnustofa I - Hvernig vinnum við að heilsueflingu á okkar vettvangi?

Fulltrúar vettvangs vinna með afmörkuð verkefni:

- 1) leikskólar
- 2) grunnskólar-frístund
- 3) framhaldsskólar
- 4) sveitarfélög (þ.m.t. eldri borgarar, íþróttafélög o.fl. eða sér hópar)
- 5) heilsugæsla (verður inn í sveitarfélögum ef ekki sér hópur).

Vinnustofa II - Hvernig vinnum við saman að heilsueflingu í okkar sveitarfélagi?

Unnið með afmörkuð verkefni, skipt eftir sveitarfélögum.

Samantekt

Kynning á heilsueflandi.is

Hér má sjá nánari upplýsingar um Heilsueflandi samfélag <http://www.landlaeknir.is/samfelag>

Kveðja,

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Verkefnisstjóri Heilsueflandi grunnskóla/Project manager

Áhrifaþættir heilbrigðis/Health Determinants

Embætti landlæknis/Directorate of Health

Barónsstíg 47, 101 Reykjavík

Sími 510 1900/Tel.+354 510 1900. Bréfsími 510 1919/Fax +354 510 1919

www.landlaeknir.is

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður til og gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar.

Sjá nánar um [ábyrgð þína](#) varðandi tölvupóst.

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee(s) only and may contain confidential and privileged information.

See information on your [e-mail responsibilities](#).